

## Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 31. janúar í máli nr. 56/2022

Kærunefndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

### I

#### Aðild og kröfugerð

Þann 11. júlí 2022 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings um kaup af þjónustu af Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi ekki veitt alla þá þjónustu sem um hafi verið samið og krefst lækkunar á reikningi varnaraðila. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

### II

#### Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfi, dags. 15. júlí 2022, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust sama dag. Athugasemdir við andsvör varnaraðila bárust frá sóknaraðila þann 19. júlí 2022. Frekari athugasemdir bárust frá varnaraðila 20. júlí 2022.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara varnaraðila og athugasemdir beggja aðila, verksamningur aðila, afrit af reikningi varnaraðila, smáskilaboð milli sóknaraðila og [...], kröfubréf varnaraðila til sóknaraðila dags. 23. maí 2022 og smáskilaboð milli varnaraðila og [...].

Með bréfi, dags. 30. janúar 2023, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

### III

#### Málsatvik og ágreiningsefni

Samkvæmt gögnum málsins gerðu aðilar með sér verksamning um vinnu múrbrots á fasteign sóknaraðila að [...] vorið 2022. Málsaðilum greinir á um hvort varnaraðili hafi lokið verkinu í samræmi við verksamning aðila. Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili lækki útgefinn reikning sinn vegna verksins þar sem sóknaraðili telur að varnaraðili hafi ekki veitt alla þá þjónustu sem um hafi verið samið. Varnaraðili telur sig hafa framkvæmt verkið í samræmi við tilboð sitt og verksamning og krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

#### 3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðili vísar til þess að hafa óskað eftir þjónustu varnaraðila við að saga og brjóta niður útveggi á fasteign sinni sem og kápu á bílskúr sóknaraðila. Að sögn sóknaraðila hafi varnaraðili sagað veggina en ekki brotið þá niður og þar af leiðandi ekki klárað umsamið verk. Sóknaraðili kveðst hafa þurft að fá annan mann til að ljúka því verki.

Sóknaraðili bendir á að ágreiningur aðila varði útgefinn reikning varnaraðila vegna verksins. Varnaraðili hafi krafist greiðslu fyrir þjónustu sína eins og hann hafi veitt alla þá þjónustu sem um hafi verið samið. Sóknaraðili kveðst hafa óskað eftir því við varnaraðila að hann myndi lækka reikning sinn með tilliti til þessa en án

árangurs. Samkvæmt samningi aðila hafi varnaraðili átt að ljúka verkinu fullkláruðu 8. apríl 2022 en eins og megi sjá af framlögðum ljósmyndum hafi verkinu enn verið ólokið þann dag.

Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili hafi ekki brotið niður vegginn á íbúðarhúsinu sjálfu heldur hafi aðeins sagað rákir í hann og skilið múrinn eftir hangandi. Sóknaraðili kveður á að heimili sínu búi þrjú börn undir átta ára aldri og því sé afar glæfralegt af varnaraðila að skilja við verkið með þessum hætti. Þá hafi varnaraðili mætt seint og illa svo að sóknaraðili hafi fengið annan fagaðila til að brjóta múrinn niður. Þegar komið hafi að innheimtu vegna verksins hafi hugur sóknaraðila staðið til að greiða varnaraðila fyrir það verk sem varnaraðili hafi unnið. Sóknaraðili kveðst hafa reynt að semja um greiðslu fyrir verkið en varnaraðili hafi staðið fastur á því að krefjast greiðslu fyrir fullklárað verk.

### 3.2. Andsvör varnaraðila

Varnaraðili vísar til þess að sú þjónusta sem hann hafi innt af hendi hafi verið í samræmi við samning aðila. Varnaraðili kveðst hafa sagað veggina í handhæg stykki eins og til hafi verið ætlast. Fjarlæging eða tilfærsla á stykkjunum hafi aldrei verið í hans verkahring. Þá bendir varnaraðili á að samningsgerð og öll samskipti vegna verksins hafi verið við eftirlitsmann sóknaraðila, [...]. Hafi varnaraðili aldrei verið í neinum samskiptum við sóknaraðila sjálfa vegna verksins. Komi skýrt fram í framlögðum smáskilaboðum milli varnaraðila og [...] að varnaraðili hafi aldrei átt að fjarlægja hin sögðu stykki utan af veggjum fasteignarinnar.

Varnaraðili kveðst hafa klárað verk sitt fyrir umsaminn tíma. Svo hafi nokkur tími liðið en engin greiðsla hafi borist frá sóknaraðila vegna verksins. Tæpum mánuði eftir verklok hafi varnaraðili ákveðið að ýta á eftir því að fá greitt. Varnaraðili hafi fyrst rætt við [...] og svo eiginmann sóknaraðila. Þá fyrst hafi varnaraðili verið upplýstur um að sóknaraðili væri óánægð með að varnaraðili hafi ekki losað hin sögðu stykki niður af veggjunum. Hafi eiginmaður sóknaraðila krafist þess að varnaraðili myndi lækka reikning sinn um 150.000 krónur þar sem sóknaraðili hafi þurft að greiða gröfumanni 150.000 krónur fyrir að rífa stykkinn af veggjunum. Varnaraðili bendi á í þessu samhengi að aðeins hafi þurft að nota kúbein við að ná stykkjunum niður. Þá telji varnaraðili sig ekki bera ábyrgð á hættulegum aðstæðum á verkstað eftir verkskil.

Varnaraðili vísar til þess að eðlilegast hefði verið að sóknaraðili eða eiginmaður hennar hefðu haft samband við varnaraðila um leið og einhver vafamál hefðu komið upp. Varnaraðili hefði þá getað komið á staðinn og sýnt húseigendum að hið unna verk væri allt í samræmi við samning aðila. Varnaraðili hefði jafnvel getað hjálpað þeim að rífa stykkinn niður eða sýnt þeim verklagið við það. Telji varnaraðili að einhver samskiptavandi eða misskilningur hljóti að hafa verið á milli sóknaraðila og eftirlitsmannsins [...] um þetta verk og það sé varnaraðila óviðkomandi. Hvorki sóknaraðili né eftirlitsmaður hafi haft samband við varnaraðila í kjölfar verkskila og lýst yfir óánægju sinni með verk varnaraðila. Það hafi fyrst gerst eftir að varnaraðili hafi krafist greiðslu fyrir verkið.

Varnaraðili telji að sóknaraðili geti ekki einhliða ákveðið lækkun á reikningi án þess að gefa varnaraðila kost á að laga eða í öllu falli að tjá sig um það sem sóknaraðili hafi þótt vera að verki hans. Vísi varnaraðili um þetta til 16. og 17. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup.

### 3.3. Athugasemdir sóknaraðila

Í athugasemdum sínum kveðst sóknaraðili andmæla því að verkið hafi verið unnið í samræmi við verksamning aðila. Öll söguð stykki hafi átt að brjóta niður, bæði af húsinu sjálfu sem og bílskúrnum en hvorugt hafi varnaraðili gert. Eftirlitsmaður sóknaraðila hafi staðfest að varnaraðili hafi átt að saga veggina og brjóta niður en ekki að farga efninu. Vísi sóknaraðili um þetta til framlagðs skjáskot af svari eftirlitsmanns til sóknaraðila. Í ljósi þessa sé skýrt að varnaraðili hafi ekki sinnt allri þeirri þjónustu sem honum hafi borið að gera samkvæmt samningi aðila.

Sóknaraðili segir ástæðu þess að hún hafi ekki greitt varnaraðila innan þeirra tímamarka sem samningur aðila hafi kveðið sé sú að varnaraðili hafi ekki klárað verkið og jafnframt neitað að gefa nýtt verð í verkið. Hafi sóknaraðili þurft að ráða annan fagaðila til að framkvæma niðurbrotið.

### 3.4. Athugasemdir varnaraðila

Í athugasemdum sínum ítrekar varnaraðili að samkvæmt samningi aðila hafi honum borið að saga niður vegginn í handhægar stærðir. Í framhaldinu hefði verkkaupi getað brotið niður stykkin af veggjunum, borið út í gám eða tekið með minni gröfu. Varnaraðili bendir á að múrbrot sé heiti yfir múr sem brotinn er, hvort sem um sé að ræða sögun í slétt stykki eða grófbrotið. Telji varnaraðili það gefa augaleið að ef allt hefði átt að enda í múrmulningi, hefði aldrei þurft að saga vegginn. Þá bendi varnaraðili á að sögun sé kostnaðarmesti partur verksins enda séu sögunarblöð dýr og há viðgerðartíðni á svona sögum.

Varnaraðili bendir á að hann hafi ekki ákveðið hvað skyldi saga og hvað skyldi brjóta niður heldur hafi eftirlitsaðili ákveðið það og varnaraðili framkvæmt í samræmi við þá ákvörðun. Varnaraðili vísar til framlagðra smáskilaboða milli sín og eftirlitsaðila. Hafi það verið skýrt í samskiptum þeirra frá upphafi að varnaraðili myndi ekki sjá um að fjarlægja múrbrotið af veggjunum.

Varnaraðili bendir á að orðalagið „hann átti bara að taka niður“ í framlögðum smáskilaboðum eftirlitsaðila til sóknaraðila sé villandi. Taki einhver niður efni þá sé það tilfærsla á efni en það kveðst varnaraðili ekki hafa átt að gera. Vísar varnaraðili til þess að hans verk hafi einskorðast við að saga vegginn í handhægar stærðir og múrbrjóta þar sem slíkt hafi þurft þannig að unnt væri fyrir sóknaraðila að fjarlægja múrinn og færa til. Hefði varnaraðili tekið að sér það verk hefði tilboð hans orðið mun hærra.

## IV

### Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Sóknaraðili og varnaraðili eru einstaklingar. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála er markmið þeirra að tryggja neytendum aðgang að skilvirkri og faglegrri málsmeðferð við lausn deilumála utan dómstóla. Lögin taka til ágreinings um samninga sem neytendur gera við seljendur um kaup á vöru eða þjónustu, sbr. 3. gr. Með neytanda er í lögum nr. 81/2019 átt við einstakling sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni, sbr. 1. tl. 1. mgr. 4. gr. laganna. Með seljanda er átt við einstakling, félag, opinberan aðila og aðra sem koma fram í atvinnuskyni og gera samninga við

neytendur, svo og hvern þann sem í atvinnuskyni kemur fram í umboði eða fyrir hönd seljanda, sbr. 2. tl. 1. mgr. 4. gr. laganna. Af gögnum málsins verður ráðið að varnaraðili hafi veitt sóknaraðila, sem neytanda, þjónustu við múrbrot sem varnaraðili selur í atvinnuskyni í skilningi laga nr. 81/2019. Heyrir úrlausn málsins því undir kærunefnd vöru- og þjónustukaupa, sbr. 1. mgr. 16. gr. laganna.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.) taka lögin til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjarmuni,
2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,
3. geymslu á lausafjarmunum,
4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.

Af hálfu sóknaraðila var óskað eftir þjónustu varnaraðila við vinnu múrbrots á fasteign sóknaraðila. Ágreiningur málsins heyrir því undir gildissvið þkpl., sbr. 2. tölul. 1. gr. laganna. Tilboð varnaraðila í verkið, dags. 29. mars 2022, var alls að fjárhæð 550.000 krónur án virðisaukaskatts. Í því kemur fram að: „tilboð miðast við að saga og brjóta en engin fjarlæging eða tilfærsla á broti“. Í framlögðum verksamningi aðila, ódagsettum og óundirrituðum, kemur fram að tilboðsfjárhæð miðist við að verktaki brjóti steypu niður í hæfilegar handtækar stærðir þannig að verkkaupi geti borið múrbrot eða tekið með minigröfu út í gám við húsið.

Með hliðsjón af framangreindu og gögnum máls verður ekki annað séð en að varnaraðili hafi skilað af sér hinu umþrætta verki í samræmi við tilboð sitt og samning aðila enda liggur fyrir að ekki var samið svo um að varnaraðili myndi fjarlægja eða tilfæra múrbrot. Sóknaraðili telur að samið hafi verið um að varnaraðili tæki einnig stykkinn niður af veggnum. Það verður ekki ráðið af tilboði og samningi aðila. Sóknaraðili ber sönnunarbyrðina fyrir staðhæfingum sínum. Kærunefndin getur ekki fallist á með sóknaraðila að samið hafi verið um umfangsmeira verk en varnaraðili vann fyrir sóknaraðila. Meginregla samningaréttar er sú að gerða samninga beri að halda. Aðilar kröfuréttarsambands geta í samræmi við þá meginreglu krafist þess að samningur verði efndur í samræmi við efni hans. Að mati kærunefndarinnar hefur varnaraðili veitt sóknaraðila hina umsömdu þjónustu og verður því ekki fallist á kröfu sóknaraðila um lækkun á útgefnum reikningi vegna verksins.

## V

### Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila, X, er hafnað.

---

Hildur Ýr Viðarsdóttir  
formaður

---

Hildur Leifsdóttir

---

Jón Rúnar Pálsson